

# Ljóðmæli 6

Kvöldskuggar

EYÐIBÝLI, BROTNIR GLUGGAR  
BLÓTA LITLIR MÓRAR.  
DAUÐAR MÝS OG DÖKKIR SKUGGAR  
DRAUGUR VEGGINN KLÓRAR.

# Kvöldskuggar

---

Ýmsar vísur í þyngri kantinum

## Skammdegið

Ginið svarta gleypir allt  
gráar þenjast taugar  
nú er úti kvöldið kalt  
þar krauma næturdraugar.

Skammdegið mig skelfir oft  
skíman bjarta hopar  
þrungið er og þungt mjög loft  
þegar rúðan dropar.

Næturlöng er kvölin köld  
hún kreistir mig sem púða  
fjaðramjúkur fel þér völd  
föla glæra rúða.

Kvölds er skíman skelfing ein  
skýst nú hrafni við glugga  
húmsins draugar heyra vein  
og hreyfast bakvið skugga.

Þráin vaknar þung er nótt  
þegar lemja glugga  
þúsund hrafnar herja ótt  
hræddur ég mig rugga.

Taugar þandar trekkist meir  
við tómið, svarta rökkvið,  
dæsi því þið draumar tveir  
í djúpið núna sökkvið

Einn í myrkri yrki ljóð  
aumur mjög og ragur  
úti kuldi, heyrist hljóð  
hvar er bjartur dagur?

## Kvöldhrafn

Forni krumminn flýgur hátt  
finnst sem vængir bresti.  
Gat hann kvikað forðum fátt  
fuglinn sterki, besti.

Aum hans sál og sjónin veik  
svífur vængjum krönkum.  
Kann ei meir í loftsins leik  
á lösum fjaðraskönkum.

Kvöldstað engan krumminn fær  
klýfur loftið hræddur.  
Vesæll flýgur, gisið grey  
gamall, veikur, mæddur.

Ekki sér hann sængurbeð  
sýgur myrkrið þróttinn.  
Dapur finnur dáið geð  
dimm er grimma nöttin

Slappt er augað slævir hug  
slæmt er húmið svarta.  
Tíra birtu brýtur dug  
biturt er hans hjarta.

*framhald á næstu síðu*

## Kvöldhrafn (frh.)

Flögrar nú að næturstað  
mót nöprum skugga köldum.  
Sér ei birtu sólarhlað  
er sótt'ann fyrr á öldum.

Hrafninn flýgur feigur á  
frostna símalínu.  
Baslar um á baki þá  
berst við lífi sínu

Kvöldhrafninn nú krúnkar lágt  
kvöl er dimma nætur  
Undir vængjum á hann bágð  
engill svartur grætur.

Kemur nóttin niðadökk  
nærir verur ljótar.  
Inn í rökkrið sálin sökk  
sjúk þó ennbá rótar.

Húmið klýfur hjartans líf  
hljóðið múra rifur.  
Götótt rofnar hjartans hlíf  
hrafninn liggur stífur.

## Hér er

Gnótt við fáum gjöfum af  
góð er tíð á landi  
samt er örbyrgð hér við haf  
hér er líf í strandi.

## Voðin

Vafalaust er voðin slitin  
væskilsleg og illa skitin  
ekki sjáum lengur litinn  
ljót hún er og flóabitin.

## Léttleikinn í fyrirrúmi

Mæti bylgjan myrkri fjöru

morknar hún.

Mænir þú á mjúka snöru

molnar brún.

Jafnt og heyrir brest í braki  
brotnar stafn.

Þegar skrokkinn kæfir klaki  
krafsar hrafn

Þar sem frostið funa mætir  
finn ég ró.

Eikina sem engan grætir  
einhver hjó.

Þegar lauf í logni bærist  
lýkur gný.

Óðara og lífið lærist  
líkur því.

## Farið

Gluggann minn nú krafsar kaldur krummafótur

Heyri "úti bíður bátur

sem býst til ferðar út við látur"

Farið bíður brotgjarnt eins og bláhvít aða  
sem að feykir kolsvört hviða  
og klýfur niður grænblá iða.

Ég veit það bíður bátur sem að brotnað getur  
eftir verð ég eins og slitur  
ýlfur veturs, kaldur þytur.

## Samtvinnuð ævi

Krumpast búkur, kulnar hjarta, króknar minnið  
versnar ætið aldna sinnið,  
ævi langa saman tvinnið.

## Sáttaleitin

Sáttaleitin sýnist jafnan súr og löng.  
Eins og flestöll undirgöng.

## Biðin

Sandur lekur sitrar hægt  
seinn er tími'að líða  
Hratt hef lifað hvergi vægt  
hata því að bíða.

## Eyðibýli

Eyðibýli, brotnir gluggar  
blóta litlir mórar.  
Dauðar mys og dökkir skuggar  
draugur vegginn klórar.

## Aldan

Fleyið brast við klettaskart  
feigðin marga þekur.  
ENN má telja ansi margt  
sem aldan grimma tekur.

## Allar nætur

Alla daga, allar nætur,  
engill grætur,  
alla syni, allar dætur,  
ergja þrætur.

## Myrkrið

Myrkrið kvelur, myrkrið telur,  
myrkrið velur skugga,  
Myrkrið dvelur, myrkrið elur  
myrkrið stelur glugga.

## **Endastöð**

Röðin hlykkjótt leið og löng  
í leiðslu flest við skríðum  
við endan ljós og lítil göng  
sem löstum flest og níðum.

## **Kvótinn**

Í höfninni hvílir ein dugga,  
hrein er nú síldanna nóta,  
í ráðleysi er hún að rugga,  
rúin er öllum þeim kvóta,  
kafteinninn kemur að hugga,  
kvalir í augum, vill blóta,  
í sjónum hann sér nokkra ugga,  
synda og átuna róta,  
í tönnum er dálítill tugga,  
tóbaksins sletturnar þjóta,  
þorpið er þrungið af skugga,  
þurr ennþá skipin hér fljóta,  
sólar hann sér ekki glugga,  
sótbölvar kvótanna þróta.